



Sjálfstæðisflokkurinn  
Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2025  
MSS24110085

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3.4.2025 varðandi eftirfarandi mál:

**Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um heildstætt yfirlit yfir söguleg hús í Reykjavík**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. janúar 2025, þar sem tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá fundi borgarráðs 14. janúar sl., um heildstætt yfirlit yfir söguleg hús í Reykjavík er send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. apríl 2025, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Þuríður María Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025.



Reykjavík, 3. apríl 2025

MSS24110085

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

Á fundi borgarráðs, dags. 14. nóvember 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráð samþykkir að í samvinnu við Borgarsögusafn verði tekið saman heildstætt yfirlit yfir þau hús Reykjavíkurborgar sem hafa sögulegt eða menningarlegt gildi vegna aldurs, staðsetningar, fágætis eða annarra viðkomandi ástæðna og það yfirlit gert almenningi aðgengilegt bæði í skýrslu og á Borgarvefsjá.

Tillögunni var frestað á fundinum og óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, þann 15. janúar 2025.

### Svar:

Einfaldast er að fara í [Borgarvefsjá](#) og stilla á þekjuna „Húsvernd“ undir „Menningarminjar“. Þar eru sýnd friðlýst hús, aldursfriðuð og umsagnarskyld og svo hús og svæði sem eru hverfisvernduð eða hefur verið lagt til að hverfisverndar (á stöku stað geti þurft að uppfæra eða lagfæra merkingarnar). Einnig er hægt að nálgast húsakannanir í Borgarvefsjá, undir „Menningarminjar“.

Þemaheftið „Húsvernd í Reykjavík“ sem fylgdi AR 1996-2016 er enn heildstæðasta samantektin sem við höfum yfir varðveisluverð hús og heildir innan Hringbrautar, en sú vernd sem hefur bæst við frá útgáfu þess ætti að vera sýnileg í Borgarvefsjá.

Á vef Minjastofnunar er skrá yfir öll friðlýst hús (og hægt að stilla á landshlutann Reykjavík og nágrenni):

[https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/friðlyst-hus-og-mannvirki?q=&area=3&year=&type=.](https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/friðlyst-hus-og-mannvirki?q=&area=3&year=&type=)

Sjá einnig minjavefsjá MÍ:

<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

Byggðakannanir – eða varðveislumat unnið vegna hverfisskipulags – gefur yfirlit yfir þau hús og heildir innan hvers borgarhluta sem eru lögvernduð (á hverjum tíma) eða gerð er tillaga um að verði hverfisvernduð. Útgefnar byggðakannanir Borgarsögusafns eru þessar:



Reykjavík



- Skýrsla 223: [Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar, I. hluti og II. hluti](#) (2023) (endurskoðun eldri byggðakönnunar, skýrslu 163)
- Skýrsla 216: [Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt](#) (2021).
- Skýrsla 183: [Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær](#) (2017).
- Skýrsla 164: [Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti](#) (2014).
- Skýrsla 162: [Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur](#) (2013).

Helstu bækur og rit sem gefa einhvers konar heildaryfirlit eða eru tilraunir til samantektar um byggingararfinn eru helst:

- [Íslensk byggingararfleifð](#) Harðar Ágústssonar
- [Kvosin – Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur](#)
- Uppflettirit eins og [Leiðsögn um íslenska byggingarlist](#) og [Arkitektúr á Íslandi – Leiðarvísir](#).
- Nokkrar bækur sem gefa heildaryfirlit yfir verk einstakra höfunda, eins og bækur gefnar út af [Hinu Íslenska bókmenntafélagi](#) um Guðjón Samúelsson, Gunnlaug Halldórsson, Manfreð Vilhjálmsson og Halldór H. Jónsson, bók um Þóri Baldvinsson og bækur Björns G. Björnssonar t.d. um [Rögnvald Ólafsson, Einar Erlendsson og Frumherja: Tíu húsameistara](#).

Virðingarfyllst,  
Borghildur Sölvey Sturludóttir  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skipulagsfulltrúi



Reykjavík